

*Jamp.*

*38 Já*

*16 Nei*

*6 Sáttu lýst*

## **Tillaga hóps kvennalistakvenna um samstarf við aðra flokka**

**Lögð fram á landsfundi 16. nóvember 1997**

### **Landsfundur Kvennalistans, haldinn að Úlfljótsvatni 14.-16. nóvember 1997 samþykkir að:**

Kvennalistinn taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefna­grundvöll Kvennalista, Jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa, vegna Alþingiskosninga árið 1999.

Markmið þeirra viðræðna verði, að hálfu Kvennalistans, að kvenfrelsis­sjónarmið verði í fyrirrúmi í allri málefnavinnu og samþættingaraðferðin verði notuð í því skyni.

Jafnframt verði þess gætt að jafnræði verði með kynjunum á öllum sviðum samstarfsins.

Forgangsverkefni þessa samstarfs verður að koma á kvenfrelsi og jafnrétti í reynd.

Kvennalistinn leggur áherslu á valddreifingu meðal annars með því að samstarfsaðilar skipi talsmann fyrir hvern málaflokk.

Félagsfundir anganna kjósi 1-3 fulltrúa í samstarfsnefnd. Nefndin skiptir með sér verkum eftir þörfum.

Niðurstöður viðræðna verði lagðar fyrir landsfund Kvennalistans til ákvörðunar.